



Mannvirkja
stofnun

4.041

Leiðbeiningar fyrir stofnun notenda smáforrits MVS úttekt

Útgáfa 1.0
Dags. 10.1.2019



Leiðbeiningar fyrir stofnun notanda smáforrits MVS úttekt

4.041

Útgáfa 1.0
Dags. 10.1.2019

Efnisyfirlit

1	Um leiðbeiningarnar	2
2	Almenn lýsing Byggingargáttar MVS	2
3	Almenn lýsing á MVS Úttektarappi	2
4	Uppfylla þarf eftirfarandi fyrir stofnun notanda og notkun á Úttektarforrit MVS.....	3
5	Að stofna notanda.....	3




Leiðbeiningar fyrir stofnun notenda smáforrits MVS úttekt

4.041

Útgáfa 1.0
Dags. 10.1.2019

1 Um leiðbeiningarnar

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar ytri aðilum sem hafa hug á því að stofna aðgang inn á „Mínar síður“  Mínar Síður á vef [MVS](#) og tengjast skoðunarkerfi Byggingargátt MVS og smáforritinu MVS Byggingar Úttekt. Ekki er gerður greinarmunur á aðferðarfræði við stofnun aðgangs milli snjalltækja eða tölvubúnaðar en mælt er með notkun vafra Chrome eða Mozilla Firefox.




Með skoðunarkerfi er átt við kerfi þar sem skrá má skoðanir hönnunargagna og úttektir mannvirkja sbr. Skoðunarhandbók og skoðunarlistum MVS. Með úttektarforriti MVS er átt við smáforrit (app) þar sem skrá má úttektir mannvirkja sbr. skoðunarhandbókum MVS.

Í þessu skjali koma fram almennar upplýsingar um Byggingargátt og úttektarforrit MVS. Allar ábendingar er varða leiðbeiningarskjal þetta skal beina til byggingargatt@mvs.is.

2 Almenn lýsing Byggingargáttar MVS

Mannvirkjastofnun er með í undirbúningi Byggingargátt. Um er að ræða tölvukerfi sem m.a. er ætlað að mæta lagaskyldum stofnunarinnar um gagnasafn um mannvirki. Gáttin tengir saman aðila er koma að byggingarframkvæmdum á Íslandi við stofnanir ríkis og sveitarfélaga.

Byggingargáttinni er ætlað að ná utan um ferli vegna byggingarframkvæmda í landinu, allt frá umsókn um byggingarleyfi til loka framkvæmda. Mannvirkjastofnun tekur við umsóknum á „Mínar síður“, vistar þær í gagnagrunnum stofnunarinnar og miðlar umsóknum áfram til viðkomandi sveitarfélaga. Viðkomandi sveitarfélag afgreiðir umsóknir í sínu tölvukerfi eða notar til þess „Vefkerfi MVS“. Afgreiðsla sveitarfélags á byggingarleyfisumsókn er færð í gagnagrunn MVS og send áfram á „Mínar síður“  Mínar Síður .

Þau verk sem notandinn er skráður fyrir eru aðgengilegar á „Mínar síður“

Byggingargátt er tengd tölvukerfum Þjóðskrár vegna samræmingar á upplýsingum á fasteignum.


3 Almenn lýsing á MVS Byggingar Úttekt



MVS Byggingar Úttekt er sett upp á snjallsíma eða spjaldtölvu sem styður [Android stýrikerfi](#).

Gæta skal þess að a.m.k. 20 mb sé til staðar í innri geymslu tækis.

Viðkomandi byggingarstjóri / skoðunarmaður getur tengt það byggingarleyfi sem viðkomandi er skráður fyrir í smáforriti (appi) **MVS Byggingar Úttekt** og gerir byggingarstjóra/skoðunarmanni kleift að skrá áfangaúttekt á skilvirkan og samræmdan hátt rafrænt í samræmi við Skoðunarhandbækur og skoðunarlista Mannvirkjastofnunar.

Smáforritið / appið má nálgast á  Google play En svo unnt sé að hlaða niður appinu er nauðsynlegt að vera innskráður sem notandi hjá Google í gegnum gmail.




Leiðbeiningar fyrir stofnun notanda smáforrits MVS úttekt

4.041


Útgáfa 1.0
Dags. 10.1.2019

Þeir notendur sem eru ekki skráðir með slíkan aðgang geta smeltt [hér](#). Það sé vert að nefna að ábendingar eða uppfærslur á Úttektarforritinu eru tilkynntar til gmail reiknings notanda, brýnt er að notandi Úttektarforrits noti ávalt nýjustu útgáfu smáforrits og athugi reglulega.


4 Uppfylla þarf eftirfarandi fyrir stofnun notanda og notkun á Úttektarforrit MVS

- Eiga aðgang hjá [island.is](#), þ.e. [Íslykill](#) eða rafræns skilríki [Auðkennis hf.](#)
- Eiga aðgang hjá [Google](#), þ.e. gmail reikning fyrir aðgang að Playstore.
- Til innskráningar á „Mínar síður“  [Mínar Síður](#) :
 - o Mælt með notkun Google Chrome eða Mozilla Firefox.
 - o Uppfærðan vafra í nýjust útgáfu.
 - o Aðgang að netinu í því tæki sem nota skal.
 - o Snjalltæki: Hafa handtækt [snjallsíma](#) eða [spjaldtölvu](#) með [android stýrikerfi](#).

5 Að stofna notanda

Áhersla er lögð á að tryggja öryggi gagna og persónuvernd notanda og því hefur verið valin sú leið að nota íslykil eða rafræn skilríki inn á „Mínar síður“  [Mínar Síður](#) .

Aðgengilegt á vef [MVS](#) eru leiðbeiningar til stofnun notanda jafnframt á myndbandsformi.

Að uppfylltum ofangreindum skilyrðum getur notandi nú stofnað sinn aðgang inn á „Mínar síður“  [Mínar Síður](#)

- Opna vafra, mælt er með Google Chrome  eða Mozilla Firefox 
- Vafra inn á slóðina www.mannvirkjastofnun.is
- Smeltt á „Mínar síður“  [Mínar Síður](#) .





Leiðbeiningar fyrir stofnun notenda smáforrits MVS úttekt

4.041


Útgáfa 1.0
Dags. 10.1.2019

- i. Staðsetning hnappsins fer eftir stærð glugga vafrans, en er hinsvegar oftast nær að finna efst í hægra horni, ef gluggi vafrans er takmörkuð þá kann að þurfa smella á „hamborgarann“ ☰ Sem er að finna í efstu línu á sömu síðu, við það opnast efnisatriði síðunnar og er hnappurinn fyrir „Mínar síður“

 **Mínar Síður** þar að finna.



Mynd 1 | Heimasíða opnuð í stórum glugga.



Mynd 2 | Heimasíða opnuð í minni glugga.

Mynd 3 | Sýningar smellir er á „hamborgara“ táknið.

- d. Nýjir notendur skrá sig með því að smella á „[Nýskráning með island.is](#)“




Mynd 4



Mynd 5

- e. Við það opnast innskráningarsíða Byggingargáttar og hefur notandinn tvo valmöguleika til nýskráningar/innskráningar, þ.e. Íslykill eða rafræn skilríki Auðkenni.

- f. Skrá þarf inn með þeim hætti sem notandi hefur valið og ýta á staðfesta 
- Sjá dæmi hér fyrir neðan:

Íslykill

Kennitala:

Íslykill:



Mig vantar íslykil





Leiðbeiningar fyrir stofnun notenda smáforrits MVS úttekt

4.041

Útgáfa 1.0
Dags. 10.1.2019

- g. Þegar innskráningu er lokið opnast „Heim“ síða Byggingargáttar.
- h. Breyta þarf lykilorði með því að smella á „Notandi“ sem er að finna efst í hægra horninu.



- i. Velja „Mínar stillingar“
- j. Neðst á síðu „Mínar stillingar“ er smellt á „Breyta lykilorði“
 - i. Við það birtist gluggi sem notandinn þarf að fylla út.
 - ii. Ekki þarf að fylla út „Núverandi lykilorð“ í fyrsta skiptið sem þetta er gert.
 - iii. Notandi velur sér lykilorð.
- k. Uppsetning á MVS Byggingar Úttekt.
 - i. Opna Mínan síður MVS með símanum eða spjaldböndunni og smella á Google Play hnappinn 
 - ii. En einnig er hægt að fara beint inn á Google Play appið í símanum eða spjaldböndunni og framkvæma leit þar að „MVS Byggingar Úttekt“.
- l. Smella á Hala niður eða Download.
 - i. Við það hefst niðurhal smáforritsins og uppsetning þess.
- m. Eftir uppsetningu smáforritsins (apps) getur notandi nú opnað það, við fyrstu notkun þarf að skrá notendanafn (kennitala) og lykilorð sem valið var (sjá lið j).
Notendanafn er kennitala viðkomandi (ekki kennitala fyrirtækis).
- n. Skil á áfangaúttektum með MVS Byggingar Úttekt (appi).
 - i. Sjá myndband og/eða leiðbeiningar skil á áfangaúttektum á heimasíðu MVS.